

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Þjóðminjasafni Íslands, 27. maí 2026 kl. 14:00.

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri setti fundinn kl. 14:04. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt. Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Gerður Róbertsdóttir yrði fundarritari sem var einróma samþykkt. Fundinum var jafnframt streymt í gegnum Teams. Þeir á teams sem vilja koma með athugasemdir verða að senda tölvupóst á vala@landskerfi.is.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Mæting sameignaraðila á aðalfund RS 2026				
Heiti safns	Eignarhlutur	Viðv2026	Nafn þess sem fer með umboð	Með á Teams
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Harpa Þórsdóttir	
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	Guðbrandur Benediktsson	
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Dagný Heiðdal	
Minjasafnið á Akureyri	6,0	6,0	Haraldur Þór Egilsson/Hanna Rósa Sveinsdóttir	Já
Byggðasafnið Skógum	4,5			
Menningarmiðstöð Þingeyinga	2,5			
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5			
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0			
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0			
Hafnarborg	2,0			
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	1,5	1,5	Sigrún Ásta Jónsdóttir	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0			
Síldarminjasafn Íslands	1,5			
Minjasafn Austurlands	1,5	1,5	Björg Björnsdóttir	Já
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5			
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5	1,5	Eva Kristín Dal	
Safnahús Borgarfjarðar	1,5			
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5			
Nýlistasafnið	1,0			
Byggðasafnið Akranesi	1,5	1,5	Nanna Þóra Áskelsdóttir	

Örnefnasafn Árnastofnunar (Hætt)	1,0			
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Bóel Hörn Ingadóttir	
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0			
Tækniminjasafn Austurlands	1,0			
Listasafn ASÍ	1,0			
Byggðasafn Garðskaga	1,0			
Minjasafnið Bustarfelli	1,0			
Byggðasafn Vestfjarða	1,0			
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0			
Byggðasafnið Reykjum	1,0			
Minjastofnun Íslands (Hætt)	0,5			
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5			
Listasafn Árnesinga	0,5			
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5			
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5			
Byggðasafn Dalamanna	0,5			
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,5	Haraldur Þór Egilsson	Já
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5			
Samtals	100,0	62,0		

Fundinn sátu einnig:

Þorvaldur Böðvarsson, Þjóðminjasafni

Guðmundur Lúðvík Gunnarsson, Þjóðminjasafni

María Karen Sigurðardóttir, Borgarsögusafni

Helga Einarsdóttir Daly, Alþingi

Anna Einarsdóttir, Alþingi

Steinunn Harðardóttir, Listasafni Íslands

Björn Steinar Pálmason, Listasafni Íslands

Þóra Björg Andrésdóttir, Náttúruminjasafni Íslands

Þorvaldur Gröndal, Borgarsögusafni

Ágústa Kristófersdóttir, Þjóðminjasafni

Gerður Róbertsdóttir, Borgarsögusafni

Anna Rut Guðmundsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir, RS

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri kynnti skýrslu stjórnar Rekstrarfélags Sarps (RS) fyrir árið 2025 í fjarveru formanns stjórnar.
4. **Ársreikningar RS:** Dagný Heiðdal gjaldkeri kynnti ársreikning RS vegna ársins 2025.
5. Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

- Guðmundur L. Gunnarsson, Þjms. spyr: Af hverju var tap á síðasta ári? Dagný svarar því til að á síðasta ári hafi félagið farið í miklar fjárfestingar og eins var kostnaður samfara yfirfærslu gagna ofl. sem því fylgir að taka upp nýtt kerfi. Allt fyrir séð.
 - Harpa Þórsdóttir, Þjms. spyr hvaða breytingar séu framundan fyrir skráningarráð Sarps. Sveinbjörg svarar því til að ákveðið hafi verið að bíða með skráningarráð meðan nýtt kerfi var tekið upp. Mikil vinna því fylgjandi og eins þarf að skoða hvað henti, hvað við viljum. Eins þarf að uppfæra skráningarhandbók.
- Engar frekari athugasemdir komu fram og var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

6. **Tillaga um framlag í þróunarsjóð:** Að þessu sinni er ekki lögð fram tillaga um framlag í þróunarsjóð.

7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.

1. Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður. Formaður ráðsins.
2. Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands.
3. Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar Þjóðminjasafns Íslands.
4. Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga.
5. Steinunn Harðardóttir, forvörður Listasafni Íslands.
6. Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur.
7. Dagný Heiðdal, sérfræðingur/listfræðingur á Listasafni Íslands.
8. Björg Björnsdóttir, Minjasafni Austurlands.
9. Þorvaldur Gröndal, sérfræðingur Borgarsögusafni Reykjavíkur.

8. **Kosning endurskoðanda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggitur endurskoðandi hjá Wodan endurskoðun ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga fyrir 2026. Var það samþykkt.

9. **Önnur mál:**

Þorvaldur Gröndal kynnir vinnu starfshóps sem skipaður var fyrir ári varðandi gjaldskrá og rekstrargrundvelli Sarps. Hanna Rósa kynnir niðurstöður KPMG. ÞG fór yfir samskipti starfshópsins við hið opinbera; ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Björg bætir við að starfshópurinn mæli með að Sarpur verði kynntur fyrir hópi sem stofnaður hefur verið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um stafrænt samstarf sveitarfélaganna. Það séverkefni stjórnar RS að fylgja eftir niðurstöðum starfshópsins, að halda lifandi samtali við bæði ríki og sveitarfélög.

Spurningar og umræður:

- Sigrún Ásta Jónsdóttir: DAM kerfi, af hverju er það mikilvægara en Sarpur eins og hann er í dag? Ágústa svarar: DAM er stafræn varðveislumiðstöð, býr til stafræna tvíbura safnkosts. Þar verða allt aðrir möguleikar til að vinna með safnkostinn. Einnig fylgir DAM aukið öryggi fyrir eigendur en ekki síður alveg nýir möguleikar til að vinna með safnkostinn. DAM kerfi er einnig tækið til að gera sölukerfi ljósmynda aðgengilegra fyrir almenning og skilvirkara fyrir starfsfólk safna.

- Sveinbjörg Sveinsdóttir: Var eitthvað sem kom á óvart í vinnu starfshóps? Björg svarar: Það sem kom mest á óvart var hversu góðar móttökur þau fengu í fagráðuneytinu og hvað þau skynjuðu mikinn vilja til koma til móts við Sarp. Skilningur er innan ráðuneytis á því að Sarpur með DAM verði einnig upplýsingabrunnur fyrir gervigreind. Sarpur er hluti af stafvæðingu opinberra gagna. Hanna Rósa bætir við: Ánægjulegt að fá þennan skilning innan fagráðuneytis. Vinnan 2015-2016 góður grunnur og skynsamleg leið við gerð gjaldskrár, ekki ástæða til að breyta. Mikilvægt að fá sem flest söfn og stofnanir með í Sarp. Hægt að skoða hvort Stafræn varðveisla gæti orðið hluti ríkis en almennur rekstur Sarps kostnaður í gjaldskrá safna.

Fundurinn samþykkti tillögu fundarstjóra um að fundarritara og fundarstjóra væri veitt heimild til að ganga frá fundargerð að fundi loknum.

Fundi var slitið kl. 15:25.

Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri

Gerður Róbertsdóttir, fundarritari